

Umsögn foreldraráðs Furugrundar um starfsáætlun 2025/2026

Foreldraráði er falið skv. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 að gefa umsögn um starfsáætlun leikskóla, en leikskólastjóri lagði fram starfsáætlun til foreldraráðs Furugrundar þann 5. nóvember síðastliðinn. Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlunina og fagnar því að fá tækifæri til þess að lesa yfir og veita umsögn um starfsáætlun Furugrundar.

Starfsáætlunin lýsir vel því metnaðarfulla starfi sem unnið er á leikskólanum og sýnir sig best í þeim frábæra starfsmannahóp sem þar starfar. Leikskólinn hefur bæði ótrúlega hátt hlutfall fagmenntaðra kennara og hefur haldið vel í leiðbeinendur. Ráðið tekur vel eftir samstöðu starfsfólks og góðri samvinnu. Við tökum einnig undir það að foreldrasamstarf og upplýsingaflæði er gott. Einkunnarorðin virðing, hlýja, öryggi og traust eiga vel við.

Starfsáætlunin fer vel yfir þær áherslur leikskólans að styðja við frjálsan leik barnanna, nýta hugmyndafræði jákvæðs aga og Lausnahringsins ásamt því að vera réttindaleikskóli UNICEF. Áherslur í leikfimi og hreyfingu, málörvun og málþroska og móttöku og málörvun fyrir fjöltyngd börn kemur skýrt fram í áætluninni.

Foreldraráðið leggur mikla áherslu á að Kópavogsbær taki mið af og verði við þeim viðhaldsóskum sem koma fram í starfsáætlun enda mikil þörf á að fljótt sé brugðist við.

Ráðið fagnar frábæru samstarfi starfsfólki leikskólans og foreldrafélagi leikskólans sem hefur bæði alið af sér skemmtilegar hefðir sem börnin njóta ár frá ári og skemmtilegum nýjungum í bland ásamt fræðslu fyrir foreldra.

Auk þeirra markmiða sem sett eru fram í starfsáætlun leggur foreldraráð fram tillögu að systkinaforgangur verði aftur tekinn upp hjá Kópavogsbæ. Það væri í takt við barnvænt samfélag að börn komist inn í sama leikskóla og systkini þeirra eru í.

Kópavogur, 13. nóvember 2025

F.h. foreldraráðs leikskólans Furugrundar